



K11 flutningshús frá Vatnsleysuströnd

Eyður í götumynd Krosseyrarvegar





**LJÓSMYNDIR - TÖLVUMYNDIR**

Mögulegt útlit eftir breytingar

Mögulegt útlit eftir breytingar

Vesturgata 12 - nýbygging

FYRIRVARI. Skilmálablöð lesist með deiliskipulagi, skipulagsskilmálum og skilmálatöflum. Um framkvæmdir gilda skipulags- og byggingarlög og -reglugerðir og lög um menningarminjar. Engin leyfi verða veitt nema að undangengnu umsóknarferli til byggingaryfirvalda í Hafnarfirði í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

Almennt

Eyður eru í núverandi götumynd Krosseyrarvegar og svæði næst Flókagötu og Vesturgötu mætti nýta betur. Heimilað verður að þétta götuna með húsum áþekkum þeim sem fyrir eru. Lóðarmörkum við Langeyrarveg er breytt og skilgreindar eru 2 nýjar lóðir við Krosseyrarveg sem ætlaðar eru flutningshúsum úr Hafnarfirði eða nýjum húsum sem taka tillit til eldri byggðar. Allar uppbyggingarheimildir á nýrri lóð eru í höndum lóðarhafa við Langeyrarveg 9-11a . Lóðarhafar og Hafnarfjarðarbær semja um breytingar á lóðamörkum að tilstuðlan lóðarhafa Langeyrarvegar 9-11a. Gerð er krafa um vandaða byggingarlist. Ef bygging eða viðbygging skal standa nær lóðarmörkum en 3m þarf samþykki lóðarhafa aðliggjandi lóðar.

Krosseyrarvegur 10 og 12

Nýjar lóðir fyrir flutningshús úr Hafnarfirði eða ný hús sem teka tillit til eldri byggðar. Húsið má vera kjallari hæð og ris eða tvær hæðir með mænisþaki. Þök skulu vera mænisþök með skilgreindri mænisstefnu, hámarkslengd þaks 12m. Byggingar/ klæðningarefni geta verið bárujárn, steinsteypa eða timbur. Eitt bílastæði er heimilt á lóð. Stærðir koma fram í skilmálatöflu og á lóðarblöðum.

Krosseyrarvegur 8, og 14

Heimilt er að byggja við húsin og hækka þak. Allar breytingar skulu vera á forsendum húsanna sem fyrir eru og í samráði við Minjastofnun.

Sjá einnig skilmálablað 2 fyrir Krosseyrarveg.




**KROSSEYRARVEGUR ÚTLIT**

**SKILMÁLABLAÐ SK-030**

**KROSSEYRARVEGUR. Blað 1/2.**




**GRUNNMYND mkv. 1:500 m.v. A3**

- Mörk deiliskipulags
- Mörk verndarsvæðis í byggð
- Núverandi bygging
- 55% Byggingarreitur / hámarks nýting
- Dæmi um mögulega byggingu
- Niðurrifsh.
- F Flutningsheimild
- H Hækkun húss heimil
- 35 Viðbyggingarheimild
- 2K Fjöldi hæða
- Mænisstefna
- Ný lóð - lóðarstækkun
- Lóðarmörk úr gildi
- Gangstétt
- Torg
- Vistgata
- Gata
- Upphækkun / hellulögn
- P Bíla- (hleðslu)stæði - leiðbeinandi
- Bílastæði hreyfihamlaðra
- P- 1 Hámarksfjöldi bílastæða á lóð
- Opið svæði / hraun
- Trjágróður - leiðbeinandi
- L Leiksvæði
- Spennistöð núv. / heimil

FYRIRVARI. Skilmálablöð lesist með deiliskipulagi, skipulagsskilmálum og skilmálatöflum. Um framkvæmdir gilda skipulags- og byggingarlög og -reglugerðir og lög um menningarminjar. Engin leyfi verða veitt nema að undangengnu umsóknarferli til byggingaryfirvalda í Hafnarfirði í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.



Krosseyrarvegur frá dælustöð 27. nóvember 2017

### Krosseyrarvegur 7

Á Krosseyrarvegi 7 er skilgreindur byggingarreitur í götumynd Krosseyrarvegar fyrir framan núverandi hús. Heimilt er að koma fyrir flutningshúsi eða byggja nýtt hús sem tekur tillit til eldri byggðar. Ef af byggingu verður skal núverandi bílskúr við Krosseyrarveg rifinn.

### Krosseyrarvegur 11

Lóð Krosseyrarvegar 11 er stækkuð til vesturs og suðurs. Innkeyrsla frá Vesturgötu fyrir Krosseyrarveg 11. Tvö bílastæði eru heimil á lóðinni. Heimilt er að byggja við Krosseyrarveg 11 byggingu sem er allt að 35m2 að grunnfleti. Mögulegt að hækka þak þegar kemur að viðahaldi, allar breytingar skulu vera á forsendum húsanna sem fyrir eru og í samráði við Minjastofnun.

### Krosseyrarvegur 13H

Græn lóð með trjágróðri. Heimilt er að koma fyrir spennistöð allt að 12m$^2$ að stærð innan lóðarinnar.













SKILMÁLABLAÐ SK-040
KROSSEYRARVEGUR. Blað 2/2.




